

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni:

## Nerta Bus Wash Shampoo

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hreinsiefni á bíla.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

### 1.3 Söluaðili:

Heildverslun B.B. Ehf  
Smiðjuvegi 40 (gul gata)  
200 Kópavogur

### Framleiðandi:

ENTACO N.V.  
Brandstraat 15  
B-9160 Lokeren  
Belgia  
00-32-9-340-6060  
[info@nerta.be](mailto:info@nerta.be)  
[www.nerta.be](http://www.nerta.be)

Sími: 5537379

Netfang: [heildbb@simnet.is](mailto:heildbb@simnet.is)

### 1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn: Engin.

Viðvörðunarorð: Ekkert.

Hættusetningar Engar.

Varnaðarsetningar P102 Geymist þar sem börn ná ekki til

### 2.3 Aðrar hættur:

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Reglugerð (EB) um hreinsiefni Nr. 648/2004:

Inniheldur: Ójónuð yfirborðsvirk efni: 5-15%. Nítrílóedíksýra: <5%.

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

### 3.1 Efni:

Á ekki við

### 3.2 Blöndur:

Blanda ójónaðra yfirborðsvirkra efna			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	263-039-4	H-setningar	H38, H41
CAS	61789-19-3	Flokkun, hættumerking	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.1 - H315, Augnert.2 - H319			

Trínatríumnítriloasetat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, Xn, Carc.Cat.3
EINECS, ELINECS	225-768-6	H-setningar	H22, H36, H40
CAS	5064-31-3	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu, Krabb.
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - H302, Augnert.2 - H319, Krabb.2 - H351			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
<b>Innöndun:</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð:</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu:</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið strax til augnsérfræðings.
<b>Inntaka:</b>	Leitið lækni. Skolið munn með vatni. Framkallið ekki uppköst.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

<b>Innöndun:</b>	Ertung í öndunarvegi.
<b>Snerting við húð:</b>	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
<b>Snerting við augu:</b>	Ertir augu.
<b>Inntaka:</b>	Getur valdið heilsuskaða.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	-

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu á brunastað.  
Notið sjálfstæðan öndunarúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.  
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerð varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð flát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskiyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið ekki í málmumbúðum sem geta tærst.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.



#### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

#### Húð - hendur

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn.

Notið efnapolna gúmmihanska. (EN 374). Mælt er með notkun verndarkrems á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 369).

Að jafnaði er ekki þörf á notkun öndunarhlífa.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Gulur
pH - óþynnt:	+/- 12
Eðlismassi:	1,055 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki í vatni:	Blandast í öllum hlutföllum

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun:	Erting í öndunarvegi.
Snerting við húð:	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
Snerting við augu:	Ertir augu.
Inntaka:	Getur valdið heilsuskaða.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Nerta Bus Wash Shampoo					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Þrávirgni og niðurbrot	Yfirborðsvirku efnið í þessari vörur standast skilyrði um lífrænt niðurbrot eins og þau eru sett fram í reglugerð EB 648/2004. Niðurstöður sem styðja þessa fullyrðingu eru aðgengilegar fyrir hlutaðeigandi yfirvöld aðildarlandanna óski þau þess, eða ef framleiðandi hreinsiefna óskar þess.				
Niðurbrot í lífverum		>90%			OECD
Annað	Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010. Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H22	Hættulegt við inntöku
H36	Ertir augu
H38	Ertir húð
H40	Getur hugsanlega valdið krabbameini
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H351	Grunað um að valda krabbameini

Útgáfa/Dags: 1/01.04.2015

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **ENTACO N.V.**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**NERTA BUS WASH SHAMPOO**

Útgáfa: 04.02.2011 Útgáfa 5 Kemur í stað: 25.10.2009